

WALTER ELIAS DISNEY



Walter fæddist 5. desember árið 1901 og lést af völdum lungnkrabbameins 15. desember 1966.

Hann var einn af fimm systkinum og ólst upp í Missouri og Kansas City. Í menntaskóla fór Disney í tíma í ljósmyndun og teikningu og var teiknimyndasöguhöfundur skólablaðsins.

Seinna fór hann að gera auglýsingar með klippi/hreyfi-myndum. Hann fór að prófa sig áfram að gera hreyfimyndir með því að nota myndavél og handteiknaðar myndir og ákvað að stofna sitt eigið hreyfimyndafyrirtæki.

Árið 1923 varð fyrirtækið samt gjaldþrota. Disney og bróðir hans, Roy sameinuðu síðan peningana sína og fluttu til Hollywood. Þar stofnuðu þeir Disney Brother Studios sem var upphafið af þessu öllu saman.

Lokaverkefni Háaleitisskóla

Þið getið kynnt ykkur efnið frekar á heimasíðunni okkar. --> disneylokaverkefni.weebly.com

Þar getið meðal annars fengið allar helstu upplýsingar og skoðað myndir sem við höfum tekið á þessum vikum sem við höfum unnið verkefnið.

Við ákváðum að velja Disney af áhuga. Við höfum alist upp við Disney eins og flestir krakkar á okkar aldri. En við höfum þó aldrei vitað mikið um sjálft fyrirtækið. Það breyttist í þessu loka-verkefni.



Disney



Rut, Helena Ósk, Andrea Rún og Kristín Erla

Disney

Það fyrsta sem maður hugsar þegar maður heyrir Disney er ef til vill, Mikki mús eða teiknimyndir. En Disney er svo mikið meira en bara það.

Disney er númer 11 á Forbes lista yfir virði og hagnað fyrirtækja. Disney er um 179,5 billjóna dollara virði sem nema um 234000 milljarða íslenskra króna.

Disney er með marga garða úti um allann heim ásamt því að eiga skemmtiferðaskip, t.d. kemur eitt af þeim skipum til Íslands. Disney Magic stoppar í sumar 2015 á Akureyri og Reykjavík. Skipið er 17 ára gamalt, skipið er hannað með það í huga að öll fjölskyldan geti skemmt sér saman. Um borð er vatnsrennibrautagarður, bíósalir og einnig er boðið upp á flugeldasýningu. Í hverri ferð er ákveðin þema og í ár er það Disney myndin Frozen (Frost) sem var frumsýnd 2013. Þar verður einnig farið til Noregs þar sem Frozen átti sér stað. Ódýrasta miðann er hægt að fá á 280.000 íslenskrar krónur.



Er Mjallhvít íslensk?

Karl Gústaf Stefánsson (Charles Thorsson) teiknari flutti frá Árnassýslu til Kanada rétt fyrir aldamótin. Það er talið að hann hafi teiknað Mjallhvíti út frá útliti íslenskrar konu sem hét Kristín Sölvadóttir. Kristín var ættuð úr Skagafirði en fædd á Siglufirði. Karl og Kristín kynntust þegar Kristín dvaldist um tíma í Íslendingabyggðum vestan hafs. Þau trúlofuðust en ekkert varð úr giftingunni vegna aldurs. Kristín fór aftur til Íslands og giftist Garðari Þórhallssyni. Karl var mjög flinkur að teikna og sótti um starf hjá Disneykvikmyndaverinu 1934, sem hann fékk samstundis. Karl hét því að hann myndi gera Kristínu ódauðlega. Sem hann gerði, útlit Mjallhvítar er mótað í líkingu við Kristínu og er fyrsta Disney prinsessan.



Disneyland, Florida

Walt valdi staðsetninguna m.a. vegna frábærs veðurs allt árið. Disneyland opnaði 17.júlí 1955 og gekk ekki vel í fyrstu. Það var ekki allt tilbúið á opnunardaginn, ekki var til nóg af mat og drykkjum, hælaskór kvenna festust í blautu malbiki við Main street, einn af rússíbönunum hvolfdi næstum vegna of margra farþega.

En Disneyland náði sér aftur og þróaðist á hinn besta hátt.

